


Umhverfisstofnun
Ab. <i>BS</i>
11 APR. 2008
54.41
UST20080400057

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



### **Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 11. apríl 2008  
Tilvísun: UST20080400057/bs

### **Breyting á Lagarfosslinu, Fljótsdalshéraði.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar hvort og áhvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhvefisáhrifum.

Hér er um að ræða niðurrit 5 km langrar 66 kV línu sem liggur milli tengivirkis við Eyvindará og afleggjara að Tókastöðum og lagningu jarðstrengs að mestu meðfram vegum milli sömu staða. Þar sem vikið verður frá vegi liggur strengleiðin um mólendi með gisinni skógrækt.

Umhverfisstonun telur að þau umhverfisáhrif sem felist í ofangreindri framkvæmd tengist fyrst og fremst umferð vinnuvéla um línustæðið. Í því tilfelli sem hér um ræðir er unnt að standa þannig að verki að ummerki verði í lágmarki m.a. með því að velja hentugan verktíma og tæki til verksins.

Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að aflögð eða ónýt mannvirki verði fjarlægð í þeim tilfellum þar sem ekki standi til að varðveita viðkomandi mannvirki og tryggt sé að mannvirkjunum verði sómasamlega viðhaldið þannig að þau verði ekki til lýta vegna hirðuleysis.

Stofnunin telur þá afstöðu Landsnets ábyrga að fjarlægja beri háspennulínur sem lokið hafa hlutverki sínu. Hér er um að ræða mannvirki sem einungis er ætlað að endast fáeina áratugi. Því ætti niðurrit þessara mannvirkja að öllu óbreyttu að vera ófrávíkjanlegur hluti mannvirkjagerðar á yfirborði viðkomandi línustæðis.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst  
*Björn Stefánsson*  
 Björn Stefánsson

*Hjalti Guðmundsson*  
 Hjalti J Guðmundsson